

Nd.

1015. Nefndarálit

[342. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 2. maí 1968, um verslunaratvinnu.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Augljóst er að fjölmargir aðilar stunda leigu lausafjármuna í atvinnuskyni og eðli starfseminnar getur verið af mjög ólíkum toga. Rétt væri að athuga hvort ekki sé þörf almennrar lagasetningar um skyldur leigusala og rétt neytenda.

Að mati undirritaðs er hins vegar fráleitt að taka í fljótræði eina grein hinnar fjölpættu leigustarfsemi út úr og tengja hana öðrum lögum á þann hátt sem frv. gerir ráð fyrir. Slík vinnubrögð eru löggjafanum ekki samboðin.

Undirritaður leggur því til að frv. verði fellt.

Alþingi, 22. maí 1985.

Guðmundur Einarsson,
fundaskr.